

**Fundargerð 393. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 28. október, kl. 15.30 í zoom fjarfundi.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Fjarverandi:
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Þjónustukönnun SLFÍ – tilboð frá:
 - Félagsvísindastofnun
 - Maskínu
 - Ap – media um orlofsmál og blað félagsins
4. Átaksverkefni til fjölgunar sjúkraliðum
 - Vinnuskjal um hugmyndir að útfærslu verkefnisins
5. Félagsmannasjóður sveitarfélaga starfsmanna, fulltrúi í stjórn
6. Bjarg íbúðarfélag, fulltrúi í stjórn
7. Trúnaðarmannaráðsfundur 4. nóvember kl. 15.00 til 17.00
 - Kynna m.a. úrvinnslu á ályktunum fulltrúaþingsins
8. Félagstjórnarfundur á zoom, efni fundar

Önnur mál

- Vinnuskjal um fagráð, sem styður við jákvæða og sterka aðkomu sjúkraliða í ráðin víðsvegar um landið.
- Vinnuskjal um mönnunarstefnu.

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til zoom – fundar og gerði grein fyrir að Kristín Ólafsdóttir varaformaður kæmist ekki á fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritar SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

3. Þjónustukönnun á starfsemi félagsins

Rætt var um að aðskilja þjónustukönnunina þannig að spurt verði sérstaklega út í orlofsmál og blað félagsins og verði sú könnun í samstarfi við Ap – media. Reiknað er með að í þá könnun fari 8 til 10 vinnustundir starfsmanna Ap.

SBF fór yfir tilboði frá Félagsvísindastofnun og Maskínu, sem eru á svipuðu verði. Málið rætt og talað um að fara ekki í þjónustukönnunina fyrr en eftir að stytting vinnuviku vaktavinnufólks verður komin vel til framkvæmda og þá í samstarfi við Félagsvísindastofnun.

4. Átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum

SBF fór yfir hugmyndirnar varðandi átak í fjölgun á sjúkraliðum með því að fjölga sjúkraliðanemum, bæði í brúarnámið og einnig í hefðbundið sjúkraliðanám. Farið var yfir kynningarherferð sem á að fara í á hefðbundna náminu, en þar verðum við áfram með kynninguna á nemendadögunum með Verkið. Fræða þarf námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum, auglýsa í kvikmyndahúsum og fleiri stöðum sem ná til þessa markhóps og einnig foreldra.

Fyrirhugað er einnig að nálgast almenna starfsmenn í öldrunarþjónustu og hvetja þá til að fara í „Brúarnámið“ og benda þeim á þann stuðning sem í boði er. Þetta verkefni verður unnið í samstarfi við skólana sem bjóða upp á brúarnám, mannauðsfólk á stofnununum og með fulltrúum félagsins.

5. Félagsmannasjóður sveitarfélaga starfsmanna, fulltrúi í stjórn

SBF sagði frá að GÖG hafi verið valinn í stjórn hins nýstofnaða sjóðs Kötlu, sem nýttur verður til stuðnings við starfsmenn sveitarfélaga. Greitt verður úr honum í febrúar á hverju ári. Nýskipuð stjórn er að móta sér vinnutilhögun og ferla. Aðrir í stjórn eru Karl Ingólfsson, Arna Jakobína Björnsdóttir og Bjarni frá LSS.

6. Bjarg íbúðafélag, fulltrúi í stjórn

SBF gerði grein fyrir að hún hafi verið valin í stjórn Bjargs íbúðarfélags, en félagið er fyrir fjölskyldur og einstaklinga á vinnumarkaði sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum og hafa verið virkir á vinnumarkaði og fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB í a.m.k. 16 mánuð, sl. 24 mánuði miðað við úthlutun. ASÍ er með 80% eignarhluta en BSRB 20%.

7. Trúnaðarmannaráðsfundur 4. nóvember kl. 15.00 til 17.00,

SBF fór yfir dagskrá Trúnaðarmannaráðsfundarins, en á fundinum munu Sonja Ýr formaður BSRB og Dagný Pind lögfræðingur BSRB kynna innleiðinguna að styttri vinnuviku. Einnig verður farið yfir hvernig ályktunum fulltrúaþingsins hefur verið fylgt eftir og komið á framfæri. Fram kom ítrekun á því að greiðslan til trúnaðarmanna væri háð setu á fundinum. Fundurinn verður í zoom.

8. Félagstjórnarfundur í Zoom – í upphafi nóvembermánaðar

SBF fór yfir að í ljósi stöðunnar í samfélaginu varðandi covid hefði verið ákveðið að funda með félagstjórn í upphafi hvers mánaðar þ.s. farið verður yfir það helsta sem er í gangi á vegum félagsins og í hverri deild fyrir sig. Sérstaklega verður farið yfir þátttöku sjúkraliða í fagráðum á stofnunum og mikilvægi þeirrar þátttöku og kynnt verði á fundinum áherslur sjúkraliða í fagráðunum og félagið vinni áherslupunkta fyrir þátttakendur. Farið verður yfir átaksverkefnið varðandi menntun sjúkraliða sem byggir á skýrslunni sem heilbrigðisráðuneytið vann.

Önnur mál

- Rætt var um tímalínuna og ákveðið að JJS og GÖG verði klár með drög fyrir næsta framkvæmdastjórnarfund.

Fundi slitið kl. 17.10